

TÆKNIHANDBÓK FYRIR
VEFÚTGÁFU
LANDUPPLÝSINGAGÁTTAR SKÓGRÆKTARINNAR

LGS



ÚTGÁFA 1.0

BJÖRN TRAUSTASON TÓK SAMAN

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Innskráning í LGS.....	5
3	Gögn á LGS – Content	5
3.1	My Content	5
3.1.1	My Content – búa til nýja möppu	5
3.1.2	My Content – hlaða niður gögnum.....	6
3.1.3	My Content – búa til fitjuþjónustur og deila gögnum.....	6
3.1.4	My Content - fitjuþjónustur	7
3.2	My Favorites.....	9
3.3	My Groups.....	10
3.4	My Organization.....	10
3.5	Living Atlas	11
4	Hópar í LGS - Groups	11
4.1	Búa til nýjan hóp	11
5	Kortahamur í LGS - Map.....	13
5.1	Opna nýtt kort og sækja gögn.....	13
5.2	Unnið með gögn í vefkortaham LGS	13
5.2.1	Breyta táknum og litum	14
5.2.2	Breytingar á gögnum – Edit.....	15
5.2.3	Stillingar á birtingu gagna	16
6	Organization.....	16

Atriðisorðaskrá

A

Analysis · 13
ArcGIS Enterprise Portal · 4, 5
ArcGIS FieldMaps · 8
ArcGIS Pro · 7
Attribute Expressions · 16

B

Basemap · 13
Bookmarks · 15

C

Configure Pop-up · 16
Configure Attributes · 16
Content · 5
Create group · 11
Create View Layer · 7

D

Data · 8
Dálkar · 8, 16
Deila · 5, 8, 10, 11, 13, 15, 16
Display · 16

E

Edit · 13, 15, 16
Eigindatafla · 14
Enable Attachments · 8
Everyone (public) · 7
Export Data · 8

F

Favorites · 9
Feature Layer · 6, 7
File Geodatabase · 8
Fitja · 14, 16
Fitjuþjónustur · 6, 7, 8, 9, 13, 15, 16
Flákar · 15
Fyrirspurnir · 16

G

Gagnagrunnar · 6, 7
Gallery · 5
Groups · 5, 10, 11, 16
Gögn · 5, 6, 7, 8, 13, 15, 16

H

Hide/show legend · 14
Hópar · 5, 11
Hæðarlíkan · 11

I

Innskráning · 5

J

Jöfnur · 16

K

Kortahamur · 13

L

Landsat · 11
Landupplýsingagátt Skógræktarinnar · 4, 5
Leitargluggi · 11
LGS · 0, 4, 5, 7, 11, 13
Litir · 14
Living Atlas · 11
Línur · 15
LUKS · 4
Lykilorð · 5, 11

M

Map · 5, 7, 13
My Content · 5, 6, 7
My Favorites · 9
My Groups · 10, 11
My Organization · 10

Myndir · 8, 11, 16

N

Notandi · 7, 9, 11
Notendanafn · 5

O

Open in ArcGIS Desktop · 7
Organization · 5, 7, 16
Overview · 7, 8
Owner · 7

P

Pop-up Media · 16
Pop-up Title · 16
Portal · 5, 7, 13
Publish · 7
Punktur · 15

S

Scene · 5, 7
Search for layers · 13
Search for Layers · 14
Settings · 9
Shapfile · 8
Share · 8

Skipanir · 16
SQL · 7
Stillingar · 7, 9, 11, 16

T

Tags · 11
Tákn · 14
Tile layer · 7
Töflur · 16
Töfluupplýsingar · 8

V

Vefkort · 14, 15, 16
Vefkortahamur · 7, 13
Vefsíður · 6
Vefsjá · 15, 16
Vefþjónustur · 14
Veföpp · 6
Visualization · 9

W

Web application · 6
Web Feature Service · 7

Þ

Þrívíddarhamur · 7

1 Inngangur

Landupplýsingagátt Skógræktarinnar (LGS) er burðarþáttur Landupplýsingakerfis Skógræktarinnar (LUKS). Þessi tæknihandbók lýsir helstu verkferlum þegar unnið er í Landupplýsingagátt Skógræktarinnar í gegnum vef (*ArcGIS Enterprise Portal*). Reglulega verða uppfærslur á slíkum útgáfum og munu breytingar á þessari tæknihandbók þurfa að taka mið af því.

Tæknihandbókin er ein af nokkrum tæknihandbókum fyrir Landupplýsingakerfi Skógræktarinnar, en þær eru:

- Tæknihandbók fyrir Landupplýsingakerfi Skógræktarinnar
- Tæknihandbók fyrir Landupplýsingagátt Skógræktarinnar
- Tæknihandbók fyrir SQL gagnagrunn Skógræktarinnar
- Tæknihandbók fyrir ArcGIS Pro
- Tæknihandbók fyrir ArcGIS Field Maps

Þessar leiðbeiningar eiga við um ArcGIS Enterprise Portal vefútgáfu

Útgáfa 1.0. Dagsetning 5. janúar 2022. Björn Traustason fagstjóri landupplýsinga hjá Skógræktinni tók saman.


2 Innskráning í LGS

Slóðin inn á Landupplýsingagátt Skógræktarinnar
ArcGIS Enterprise Portal: <https://gis.skogur.is/portal>


Smella á *Sign in* og slá inn notendanafn og lykilorð

Á síðunni eru 5 valmöguleikar:

- *Gallery*: Ýmis gögn Skógræktarinnar á LGS
- *Map*: Tómur kortahamur sem hægt er að bæta gögnum inn á
- *Scene*: Prívíddarkortahamur
- *Groups*: Hópar sem þið hafið sjálf stofnað og hópar sem þið eruð hluti af
- *Content*: Gögn sem þið hafið sett inn á ykkar svæði
- *Organization*: Gögn sem deilt er á alla notendur og nöfn annarra notenda hjá Skógræktinni í Landupplýsingagáttinni.



Þið munuð fyrst og fremst nota *Map*, *Groups* og *Content*.





3 Gögn á LGS – Content

Undir *Content* eru ýmsir valmöguleikar. Hér er aðgangur að ykkar eigin gögnum, að gögnum sem deilt hefur verið á ykkur í gegnum hópa eða gögnum sem deilt er á alla stofnunina.

3.1 My Content


3.1.1 My Content – búa til nýja möppu

- *My Content*: Hér eru einungis ykkar gögn sem þið hafið hlaðið niður á LGS (*Portal*). Þið getið búið ykkur til möppur til að halda utan um gögnin ykkar.




3.1.2 My Content – hlaða niður gögnum

Einnig getið þið hlaðið niður gögnum af ykkar tölvu, gagnagrunnum eða tengt gögn með ýmsum hætti t.d. af vefsíðum.



3.1.3 My Content – búa til fitjuþjónustur og deila gögnum

Hér getið þið búið til fitjuþjónustur (*Feature Layers*) og gert gögn aðgengileg með ýmsum hætti í gegnum veföpp (*Web application*).



Hér sjáið þið dæmi um gögn sem eru á LGS. Þau eru vistuð í LGS (*Portal*) sem gefið er til kynna með (*hosted*). Ef gögnin eru vistuð í SQL gagnagrunni stendur ekkert fyrir aftan *Feature Layer*.

<input type="checkbox"/>	Línur	Feature Layer (hosted)		☆ ... 10 Jun 2021
<input type="checkbox"/>	Athugasemdir	Feature Layer (hosted)		☆ ... 10 Jun 2021

Þrjú valmöguleikar eru varðandi deilingu á gögnum:

- **Owner:** Þá er notandinn sem býr til gögnin sá eini sem sér þau og getur unnið með þau.
- **Organization:** Allir notendur innan Skógræktarinnar geta séð gögnin og unnið með þau ef stillingar eru með þeim hætti.
- **Everyone (public):** Allir geta haft aðgang að gögnunum, skoðað þau og breytt þeim ef stillingar eru með þeim hætti.

Share ✕

Set sharing level

Owner
Owner of the item(s) has access

Organization
All members of your organization have access

Everyone (public)
People outside your organization have access

Set group sharing

None yet 🔗 Edit group sharing

Save
Cancel

3.1.4 My Content - fitjubjónustur

Ef smellt er á fitjubjónustuna sem heitir Línur opnast ný síða með upplýsingum um gögnin og ýmsum möguleikum til að vinna með þau.

3.1.4.1 Fitjubjónustur - Overview

Undir *Overview* eru eftirfarandi möguleikar:

- **Open in Map Viewer:** Opna gögnin í vefkortaham
- **Open in Scene Viewer:** Opna gögnin í þrívíddarham
- **Open in ArcGIS Desktop:** Ef þið eruð með *ArcGIS Pro* uppsett á vélinni þá getið þið opnað gögnin þar
- **Publish:** Hér getið þið gert gögnin aðgengileg í gegnum *Tile layer* eða *Web Feature Service (WFS)*
- **Create View Layer:** Hægt að búa til nýja fitjubjónustu út frá þessari sem unnið er með

Overview
Data
Visualization
Settings

✎ Edit

Open in Map Viewer ▼

Open in Scene Viewer

Open in ArcGIS Desktop ▼

Publish ▼

Create View Layer

Export Data ▼

Share

- *Export Data*: Hægt að *Exporta* gögnum á ýmis form, m.a. *shapfile* og *File Geodatabase*
- *Share*: Hér getið þið deilt gögnunum eða breytt deiliupplýsingum

Í *Overview* undir *Layers* er hægt að virkja viðhengi (*Enable Attachments*) en með því að kveikja á þessum möguleika er hægt að taka myndir í gegnum *ArcGIS FieldMaps*.

Layers

Trjáheilsa

Open In Export To Time Settings Enable Attachments Service URL Metadata

Trjátegundir

Open In Export To Time Settings Enable Attachments Service URL Metadata

3.1.4.2 Fitjubjónustur - Data

Undir *Data* getið þið séð töfluupplýsingar og dálka sem eru í fitjubjónustunni.

Overview
Data
Visualization
Settings

Table Fields

Search Fields

Table Order in Table Filter

8 of 8

<input type="checkbox"/> Display Name	Field Name	Type
<input type="checkbox"/> OBJECTID	objectid	ObjectID
<input type="checkbox"/> globalid	globalid	GlobalID
<input type="checkbox"/> created_user	created_user	String

3.1.4.3 Fitjubjónustur - Visualization

Undir *Visualization* er hægt að sjá gögnin í korti og í *Settings* eru ýmsar stillingar sem mikilvægt er að kunna skil á.

Á myndinni hér til hliðar sést að notandinn hefur heimild til að gera breytingar á fitjubjónustunni, getur bætt við, eytt og skráð upplýsingar í töflu.

Það er ekkert sjálfgefið að svo víðtækar heimildir séu varðandi fitjubjónustur. Oft eru gögn þannig að ekki sé leyfilegt að gera breytingar á þeim, eða t.d. einungis gera breytingar á töflum eða þá fitjunum sjálfum.

Editing

- Enable editing.
- Keep track of who created and last updated features.
- Enable Sync (required for offline use and collaboration).
- Who can edit features?
 - Share the layer to specific groups of people, the organization shared with: Organization
- What kind of editing is allowed?
 - Add
 - Delete
 - Update
 - Attributes only
 - Attributes and geometry
- What features can editors see?
 - Editors can see all features
 - Editors can only see their own features (requires tracking)
 - Editors can't see any features, even those they add
- What features can editors edit?
 - Editors can edit all features
 - Editors can only edit their own features (requires tracking)
- Who can manage edits?
 - You
 - Administrators
 - Data curators with the appropriate privileges

3.2 My Favorites

Undir *My Favorites* getið þið séð gögnin ykkar sem þið hafið merkt í *Favorites*.

My Favorites

3.3 My Groups

Í *My Groups* finnið þið öll þau gögn sem hefur verið deilt á ykkur í gegnum þá hópa sem þið tilheyrðið.

Title
Samningssvaedi_drog
Branch_versioning_15des_prufa
Branch_versioning_15des_prufa
Maelingar_Landsvirkjun_31082021
Branch_versioning_OliSt


3.4 My Organization

Í *My Organization* eru gögn sem hefur verið deilt á alla stofnunina og þið hafið því aðgang að.

Title	Author	Created	Updated	View Count
Samningssvaedi_drog	SKR.bjorn@UMSJA	11 May 2021	29 Dec 2021	1,282
Endurkortlagning_des21_inset...	SKR.mogilsa@UMSJA	21 Dec 2021	21 Dec 2021	4
Endur_raektad_des21_EK0_GK1	SKR.mogilsa@UMSJA	21 Dec 2021	21 Dec 2021	4
Branch_versionin...	SKR.bjorn@UMSJA	15 Dec 2021	15 Dec 2021	3

3.5 Living Atlas

Living Atlas *Living Atlas* inniheldur ýmis gögn sem hefur verið deilt á alla. Þarna eru gögn á borð við hæðarlíkan, Landsat myndir, lýðfræðiupplýsingar og fjölmargt fleira.



Gott að þekkja leitargluggann þar sem þið getið leitað eftir gögnunum ykkar, þá kemur sér vel að skrá *Tags* eða lykilorð á gögnin.

4 Hópar í LGS - Groups

My Groups Undir *My Groups* eru allir hópar sem þú sem notandi hefur aðgang að, bæði þeir sem notandinn hefur búið til sjálfur og einnig sem honum hefur verið boðið í.

4.1 Búa til nýjan hóp

Með því að smella á *Create group* er hægt að búa til nýja hópa

Fylla þarf út ýmsar upplýsingar. Skýra hópinn með lýsandi nafni, setja inn almennar upplýsingar um hópinn og lykilorð (*Tags*). Gott er að setja inn stillingar sem eiga við. Sjálfgefin stilling er að allir geti séð hópinn. Betra er að haka við *Only group members* eða *People in the organization*. Hinar stillingarnar er fínt að hafa eins og sýnt er hér á myndinni.

Group Details

Group Name *

A short, meaningful name for your group

Summary

A short description of the purpose of your group

Tags *

Add tags

Who can view this group?

- Only group members
- People in the organization (Skógræktin - ArcGIS Enterprise)
- Everyone (public)

Who can join this group?

- Those who request membership and are approved by a group manager
- Only those invited by a group manager
- Anyone

Who can contribute content to the group?

- Group members
- Only group owner and managers

Sort group content by

Title Ascending

By default, display the following type of item on the group page

All Apps Files Maps Layers Scenes Tools

5 Kortahamur í LGS - Map


Home Gallery Map Scene Groups Content Organization

Línur

Ef smellt er á *Map* opnast tómur vefkortahamur sem þið getið bætt gögnum inn í og unnið með þau.

5.1 Opna nýtt kort og sækja gögn

- Fyrst er þysjað inn á svæðið sem þið eruð að vinna á
- Opnið grunnkortið sem á að vera undir
- Opnið þau gögn sem þið viljið vinna með í kortinu. Smellið á *Add* og þá hafið þið



nokkra möguleika. Ef þið veljið *Search for layers* getið þið valið úr fitjuþjónustum af *AGE Portal*. Eins getið þið sótt gögn af ykkar tölvum (*Add Layer from File*)

- Að lokum vistið þið kortið og getið svo deilt því áfram.

Home ▾ My Map

Details Add ▾ Basemap Analysis

About Content Legend


Make your own map

It's easy to make your own map. Just follow these steps:

- 1. Choose an area.**
Pan and zoom the map to an area or search by its name or address.
- 2. Decide what to show.**
Choose a Basemap then Add layers on top of it.
- 3. Add more to your map.**
Add map notes to draw features on the map.
Display descriptive text, images, and charts for map features in a pop-up.
- 4. Save and share your map.**
Give your map a name and description then share it with other people.

5.2 Unnið með gögn í vefkortaham LGS

Auðvelt er að vinna með gögn í vefkortahamnum í LGS. Í *Details* sjáið þið gögnin sem þið eruð að nota. Í *Add* getið þið bætt við gögnum. Með *Edit* tólinu er hægt að gera breytingar. Með því að smella á *Basemap* getið þið bætt við grunnkorti og *Analysis* gefur möguleika á einföldum greiningum.




Hér sjáid þið vefþjónustuna Línur sem bætt hefur verið inn í þetta vefkort með því að smella á *Search for Layers* og bæta henni inn í kortið. Með því að smella á *Hide/show legend* er hægt að kveikja og slökkva á skýringum. Ef smellt er á töflutáknið kemur upp eigindatafla.



5.2.1 Breyta táknum og litum



Með því að smella á táknið fyrir Tákn og liti (*Change Style*) er hægt að breyta útliti fitjunnar.



5.2.2 Breytingar á gögnum – Edit

Í *Edit* er hægt að bæta við línur, punktum og flákum eftir því hvers eðlis fitjubjónustan er. Í þessu tilfalli er um að ræða línuþekju og því er hægt að bæta við línur. Þegar þið hafið bætt við fitjuna fáði þið möguleikann á að setja inn eigindaupplýsingar.



Breytingarnar vistast sjálfkrafa nema stillingarnar séu með þeim hætti að það þurfi að vista þær sérstaklega.



Á þessari stiku getið þið vistað vefkortid, deilt því sem vefkorti, vefsjá eða appi í síma. Þið getið prentað það út, mælt hnit, stærðir og lengdir og vistað staðsetningar innan kortsins (*Bookmarks*).

5.2.3 Stillingar á birtingu gagna

Með því að smella á punktana þrjá lengst til hægri og velja **Configure Pop-up** er hægt að gera ýmsar breytingar á því hvernig upplýsingar birtast, hvernig dálkar eru látnir birtast í vefkortum o.fl.



5.2.3.1 Pop-up Title

Hér er skráð hvaða gildi eiga að koma upp þegar smellt er á fláka á vefkorti eða vefsjá.

5.2.3.2 Configure Attributes

Þegar smellt er á **Configure Attributes** kemur upp listi með öllum dálkum fitjuþjónustunnar. Hægt er að færa dálka upp eða niður eftir því í hvaða röð dálkarnir eiga að birtast í vefkorti eða vefsjá. Einnig er hægt að velja hvort dálkarnir eigi að vera sýnilegir (*Display*) eða hvort megi breyta innihaldi dálkanna (*Edit*).

5.2.3.3 Attribute Expressions

Hér er hægt að setja fram fyrirspurnir, skipanir, jöfnur eða önnur slík verkfæri í því skyni að hægt að útbúa afleidd gögn byggð á fyrirliggjandi gögnum.

5.2.3.4 Pop-up Media

Með þessu tóli er hægt að hengja myndir eða töflur við fitjuþjónustur. Þegar smellt er á þá fitju sem mynd eða tafla hefur verið hengd á þá birtist myndin/taflan í vefkorti eða vefsjá.

6 Organization

Undir *Organization* sjáir þið upplýsingar um notendur og þau gögn sem deilt hefur verið á alla stofnunina. Þetta er sama síða og þið sáuð fyrir *Groups*, bara önnur og beinni leið.